

KIRKJUGARÐARÁÐ

128. fundur haldinn 15. desember 2015 í fundarsal KGRP í Fossvogi.

Mætt voru: Þorvaldur Karl Helgason sem stýrði fundin í veikindum Ragnhildar Benediktsdóttur formanns ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson, fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir, fulltrúi Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Sólveig Ólafsdóttir og Heimir Janusarson.

1. Setning fundar

Fundur settur kl:15:00. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt

2. Skipulagður gestagangur (turismi) í kirkjugörðum á Íslandi.

Kynning: Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur og Heimir Janusarson skrudgarðyrkjumaður og umsjónarmaður Hólavallakirkjugarðs.

3. Erindi varðandi ósk um uppsetningu á minningarskildi í minningarreit í Selfosskirkjugarði

Framkvæmdastjóra var falið að svara erindinu og vísa því til kirkjugarðsstjórnar/sóknarnefndar á Selfossi..

4. Fjáraukalög 2015

Tillaga frá stjórn KGSÍ um skiptingu á viðbótarframlag til kirkjugarða ef fjáraukalög verða samþykkt.

Gert ráð fyrir að kirkjugarðar landsins fái leiðréttingu að upphæð 133 m.kr. vegna reiknivillu sem var gerð í fjármálaráðuneytinu 2009. Rætt var hvernig standa ætti að skiptingu fjárins ef lög in yrðu samþykkt óbreytt að þessu leyti. Lagt var til að aukafjárveitingunni verði skipt í sömu hlutföllum og umhirðugjald 2015 og í réttu hlutfalli við greiðslu greftrana 2015 og var það samþykkt.

5. Óafgreidd styrkumsókn frá Stóra-Núpskirkjugarði sem frestað var á úthlutunarfundi í febrúar s.l.

Guðmundur Rafn kynnti. Kirkjugarðaráð tók fyrir umsókn sem frestað var að afgreiða á úthlutunarfundi í febrúar 2015 frá Stóra-Núpskirkjugarði. Samþykkt var að veita 1.5 millj. kr. til að greiða niður lán til kirkjunnar.

6. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 8. febrúar.

6. Önnur mál

Þórsteinn Ragnarsson sagði frá því að á síðasta framkvæmdarstjórnarfundum Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma kvaddi formaður sér hljóðs og var Þórsteini falið að óska eftir fundi með Kirkjugarðaráði og framkvæmdastjórn um framlög til kirkjugarða 2016 vegna vandræða kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

Fundi slitið 17:50.

Þorvaldur Karl Helgason,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari